

Ed.

188. Frumvarp til laga

um reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stjórn sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi er falið að framkvæma reiknings- og skuldaskil fyrir nefndan sparisjóð, undir umsjá skiptaráðandans í Árnessýslu.

2. gr.

Stjórn sparisjóðsins skal nú þegar skipta því fé, sem er í sjóði, milli innstæðueigenda, í réttu hlutfalli við innstæður þeirra í sjóðnum.

Réttur eigandi sparisjóðsbókar telst sá gagnvart sjóðnum, sem samkvæmt bókum hans er talinn eigandi hennar 15. nóv. 1934.

3. gr.

Ef innstæðueigandi er í skuld við sjóðinn, hvort sem sú skuld er stofnuð af honum sjálfum eða hún fellur á hann fyrir ábyrgð við sjóðinn, þá er hluti af innstæðu hans, eða innstæðan öll að því leyti sem hún hrekkur til, gild borgun upp í slíka skuld, að frádregnum sama hluta, sem aðrir innstæðueigendur verða að þola til niðurfærslu á sínum kröfum, og verður sjóðurinn ekki krafinn um þann hundraðshluta, sem dreginn er frá gagnkröfum samkvæmt framanskráðu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast innheimtu útistandandi skulda hans, og skal innheimtunni hraðað svo sem kostur er á. Stjórnin skiptir hinu innheimta fé á þeim tímum, sem skiptaráðandinn í Árnessýslu ákveður, milli innstæðueigenda eftir reglum 2. gr.

Nú er innheimtu lokið og fénu skipt eftir reglum þessara laga, og hafa þá innstæðueigendur tapað þeim hluta innstæðna sinna, sem ekki hefir greiðzt.

Kostnað við skuldaskil sjóðsins greiðir hann eftir reikningi, sem skiptaráðandi Árnessýslu úrskurðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.